

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

### *Breyting á deiliskipulagi Síðuskóla.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. desember 2017 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Síðuskóla.

Breytingin felur m.a. í sér að innkeyrsla inn á lóðina er færð til og gerður er nýr snúningshringur með 7 sleppistæðum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 23. janúar 2018 samþykkt tvær deiliskipulagsbreytingar:

### *Breyting á deiliskipulagi Stórhólts og Lynghólts.*

Skipulagsbreytingin nær til Lynghólts 9 og felur m.a. í sér að gerður er byggingarreitur til suðausturs frá núverandi húsi fyrir bílskúr. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,33 í 0,39.

### *Breyting á deiliskipulagi Rangárvalla.*

Skipulagsbreytingin felur m.a. í sér að á lóð nr. 2 við Rangárvelli er byggingarreitur við byggingu 7 stækkaður til suðurs. Hámarksveggshæð er 8 m og hámarkshæð er 10 m.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 24. janúar 2018,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.